

# Samningur um félagsþjónustu og barnavernd

## 1.0 Samningsaðilar

Annars vegar;

**Fljótsdalshreppur** kt. 550169-5339, Végarði, Fljótsdal, 701 Egilsstaðir

**Borgarfjarðarhreppur** kt. 480169-5649, Hreppsstofa, 720 Borgarfjörður

**Djúpavogshreppur** kt. 570992-2799, Bakka 1, 765 Djúpavogur

**Vopnafjarðarhreppur** kt. 710269-5569, Hamrahlíð 15, 690 Vopnafjarðarhreppur

**Seyðisfjarðarkaupstaður** kt. 560269-4559, Hafnargötu 44, 710 Seyðisfjarðarkaupstaður  
og hins vegar;

**Fljótsdalshérað**, kt. 481004-3220, Lyngási 12, 700 Egilsstaðir.

## 1.1 Tengiliðir samningsaðila

**Fljótsdalshreppur:** Oddviti

**Borgarfjarðarhreppur:** Sveitarstjóri

**Fljótsdalshérað:** Félagsmálastjóri

**Vopnafjarðarhreppur:** Sveitarstjóri

**Seyðisfjarðarkaupstaður:** Bæjarstjóri

**Djúpavogshreppur:** Sveitarstjóri

## 2.0 Meginefni samnings

Með samningi þessum tekur félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs að sér að veita íbúum og Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar félagsþjónustu- og barnavernd, þ.m.t. þjónustu við fatlað fólk sbr. samkomulag ríkis og sveitarfélaga frá 23. nóvember 2010 og samning um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010, gegn greiðslu, hvort tveggja nánar skilgreint í samningi þessum.

## 3.0 Tilvísun til lagaákvæða

Auk almennrar heimildar sveitarstjórnarlaga um samvinnu sveitarfélaga, byggir samningur þessi eftir því sem við á hverju sinni á gildandi lagagrunni og tengdum reglugerðum á hverjum tíma, um verkefnin og samvinnu á einstökum sviðum:

- Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991
- Barnaverndarlög, nr. 80/2002
- Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 með síðari breytingum
- Lög um málefni aldraðra nr. 125/1999
- Barnalög, nr. 76/2003.

## 4.0 Þjónustupáttir sem samningurinn tekur til

Samningurinn tekur til þeirra þjónustupátta sem taldir eru upp hér að neðan í liðum 4.1 – 4.2. Er þá gert ráð fyrir að íbúar Borgarfjarðarhrepps, Fljótsdalshrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar njóti samskonar þjónustu og veitt er

einstaklingum á Fljótsdalshéraði. Meginaðstaða starfsfólks félagsþjónustunnar er að Lyngási 12, Egilsstöðum. Íbúar allra sveitarfélaganna geta sótt þjónustu þangað.

Viðvera starfsfólks félagsþjónustunnar í einstökum sveitarfélögum er eftir þörfum og samkomulagi félagsmálastjóra og sveitarstjóra í viðkomandi sveitarfélags.

Að því marki sem nauðsynlegt er að veita þjónustuna úti í stofnunum Fljótsdalshéraðs, Fljótsdalshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar eða á einkaheimilum, verður þjónustan veitt þar. Ferðakostnaður starfsmanna félagsþjónustu vegna samningsins er hluti af daglegum rekstrarkostnaði og dreifist því jafnt á öll sveitarfélögin.

#### **4.1 Barnavernd**

Starfsmenn félagsþjónustunnar annast móttöku á barnaverndartilkynningum og úrvinnslu þeirra, auk þess að beita stuðningsaðgerðum til hagsbóta fyrir einstök börn og fjölskyldur þeirra, þegar það á við. Félagsmálastjóri Fljótsdalshéraðs leggur barnaverndarmál fyrir félagsmálanefnd í samræmi við reglur um könnun og meðferð barnaverndarmála.

Kostnaður við barnaverndarúrræðin sjálf, svo sem tilsjón, stuðningsfjölskyldur, sálfræðimat/-viðtöl, vistun og fóstur, er ekki innifalinn og greiðist af því sveitarfélagi sem viðkomandi aðilar eiga heimilisfestu.

Starfsmenn félagsþjónustunnar annast skýrslugerð og útfyllingu eyðublaða til Barnaverndarstofu og upplýsingagjöf skv. beiðni frá þeim í samræmi við lög og reglugerðir.

#### **4.2 Félagsþjónusta**

Starfsmenn félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs annast verkefni félagsþjónustu fyrir Fljótsdalshrepp, Borgarfjarðarhrepp, Vopnafjarðarhrepp, Djúpavogshrepp og Seyðisfjarðarkaupstað. Helstu verkþættirnir eru almenn fagleg félagsleg ráðgjöf, móttaka og úrvinnsla á umsóknum um fjárhagsaðstoð og félagslega heimaþjónusta, samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga. Einnig frekari liðveisla við íbúa í þjónustu- og íbúðakjörnum og í sjálfstæðri búsetu, sambyli, áfangastaðir, hæfingarstöðvar og dagvistarstofnanir, verndaðir vinnustaðir og atvinna með stuðningi, heimili fyrir börn, skammtímavistanir, stuðningsfjölskyldur og ráðgjöf og önnur stuðningsþjónusta við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra samkvæmt lögum um málefni fatlaðra og samningi um sameignlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010.

Um þau mál sem félagsmálastjóra er heimilt að fullnaðarafgreiða er fjallað í reglum.

Kostnaður vegna úrræða, svo sem fjárhagsaðstoðar og heimaþjónustu fellur á viðkomandi sveitarfélag. Starfsmenn félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs annast ráðgjöf og mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu og félagslega liðveislu á því svæði sem samningurinn tekur til.

Í þeim tilvikum sem þess verður óskað annast starfsmenn félagsþjónustunnar móttöku umsókna og úrvinnslu á húsaleigubótum og ganga frá skilagreinum vegna þeirra til Jöfnunarsjóðs, fyrir aðildarsveitarfélög samningsins.

Hið sama gildir þá um skilagreinar til Hagstofu og ráðuneyta.

Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs leggur, eins og við á, áherslu á einstaklingsmiðaða og heildstæða nálgun í þjónustuúrræðum. Í þeim tilgangi er starfrækt sérstakt ráðgjafar- og stuðningsteymi sérfræðinga er tengjast fjölskyldusviði Fljótsdalshéraðs.

## **5.0 Grunnfjárhæðir, kostnaðar viðmiðanir og uppgjör**

Fyrir veitta þjónustu, sem m.a. er veitt á grundvelli barnaverndarlaga og laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, samkvæmt samningi þessum, skal þátttöku Fljótshéraðs, Fljótshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar, í sameiginlegum kostnaði vegna félagsþjónustu Fljótshéraðs, jafnað niður á sveitarfélögin á eftirfarandi hátt: Annars vegar í 50% hlutfalli af skattgreiðslum næstliðins árs, samkvæmt árbók sveitarfélaga, og hins vegar 50% hlutfalli miðað við íbúafjölda hvers sveitarfélags sama ár. Kostnaðaráætlun vegna reksturs félagsþjónustunnar og unnin er af stjórnslu Fljótshéraðs, skal borin undir og staðfest af sveitarstjórnnum Fljótshéraðs, Fljótshrepps, Borgarfjarðarhrepps, Vopnafjarðarhrepps, Djúpavogshrepps og Seyðisfjarðarkaupstaðar. Vegna þjónustu við fatlað fólk í samningi þessum er farið skv. lögum um málefni fatlaðra og samningi sveitarfélaga um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010.

Greiðslum samkvæmt samningi þessum verður dreift jafnt á mánuði hvers árs. Sveitarfélagið Fljótshérað gefur út reikning fyrir mánaðargreiðslum samkvæmt samningnum og skal inna þær af hendi fyrir 15. dag hvers mánaðar, inn á hlaupareikning Fljótshéraðs nr. 4700 í Arionbanka, Fagradalsbraut 11, 700 Egilsstaðir.

## **6.0 Gildistími og endurskoðun**

Samningur þessi tekur gildi frá og með 1. janúar 2011. Hver aðili um sig getur auk þess óskað endurskoðunar á einstökum þáttum samningsins eða sagt samningnum upp með 3 mánaða fyrirvara. Ekki er hægt að segja upp einstökum þjónustubáttum án þess að segja upp samningnum í heild.

Samningur þessi kemur í staðinn fyrir samning um félags- og barnaverndarþjónustu sem Borgarfjarðarhreppur, Fljótshérað, Fljótshreppur, Vopnafjarðarhreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður gerðu með sér 5. desember 2008.

## **7.0 Ábyrgð**

Félagsþjónusta Fljótshéraðs ber ábyrgð á þeirri ráðgjafþjónustu sem veitt er, samkvæmt samningi þessum. Er þá bæði átt við faglega ábyrgð sem og ábyrgð vegna hugsanlegs tjóns sem af framkvæmd samningsins kann að leiða vegna mistaka eða gáleysis starfsmanna. Kostnað vegna hugsanlegs tjóns bera sveitarfélögin í sama hlutfalli og almennan rekstur á félagsþjónustunni.

## **8.0 Samningsforsendur**

Við gerð þessa samnings er miðað við ákveðnar forsendur sem auk þess að koma fram í samningnum sjálfum, koma fram í fylgiskjölum hans s.s. reglum um fjárhagsaðstoð og í reikningslegum forsendum sem samningsaðilar eru sammála um og hafa jafnan aðgang að. Samningsaðilar eru sammála um að ef þessar samningsforsendur breytast í verulegum atriðum geti þeir hvenær sem er á samningstímanum óskað eftir endurskoðun á samningnum.

## **9.0 Meðferð ágreiningsmála**

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar reyna settir, en reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands Egilsstöðum.

*Í febrúar 2011*

*f.h. Borgarfjarðarhrepps*

*f.h. Fljótsdalshrepps*

---

---

*f.h. Fljótsdalshéraðs*

*f.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar*

---

---

*f.h. Vopnafjarðarhrepps*

*f.h. Djúpavogshrepps*

---

---

***Fylgiskjöl með samningi:***

- *Upplýsingar um forsendur útreikninga á grunnkostnaði.*
- *Samningur um sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um málefni fatlaðs fólks frá 17. desember 2010*